



**66. fundur Byggðaráðs Múlapings**  
**haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, mánudaginn 7.**  
**nóvember 2022**  
**og hófst hann kl. 09:30**

**Fundinn sátu:**

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Jónína Brynjólfsdóttir varamaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Eypór Stefánsson varamaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir varamaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi að stjórnarsýslusviði

**Dagskrá:**

**1. 202204221 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2023 - 2026**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu drög að fjárhagsáætlun Múlapings 2023-2026.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að vísa drögum að fjárhagsáætlun Múlapings fyrir árin 2023-2026 til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða með 4 atkv og einn sat hjá (Eypór Stefánsson)

Eypór Stefánsson lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd Austurlistans: Austurlistinn telur óskynsamlegt að lækka álagningarhlutfall fasteignagjalda úr 0,5% í 0,475 %. Áhrif þess eru lækking tekna sveitarfélagsins af fasteignagjöldum um u.þ.b. 20 milljónir og framlög úr jöfnunarsjóði lækka um 11 milljónir 2023. Austurlistinn vill að úr því að svigrúm er til lækkunar gjalda eigi að lækka þau með markvissari hætti án þess að það skerði framlög úr jöfnunarsjóði. Þannig er hægt að veita íbúum afslátt á gjöldum allt að 31 milljón t.d með minni hækkunum á leikskólagjöldum, skólamáltíðum eða hækkun tólmstundastyrks.

**2. 202210063 - Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2022**

Fyrir liggur boðun til aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn verður í Þorlákshöfn föstudaginn 11. nóvember 2022 kl. 13:00.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að tilnefna Jónínu Brynjólfsdóttur sem fulltrúa Múlapings í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og að viðkomandi fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi samtakanna.



Þróstur Jónsson bar upp breytingartillögu  
Byggðaráð samþykkir að tilnefna Þróst Jónsson sem fulltrúa Múlapings í stjórn  
Samtaka orkusveitarfélaga og að viðkomandi fari með atkvæði sveitarfélagsins á  
aðalfundi samtakanna.

Felld með þremur atkvæðum, einn samþykkti (ÁMS) og einn sat hjá (ES)

Fyrri tillaga borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með 4 atkvæðum einn sat  
hjá (ÁMS)

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50**

